

Erindi sveitarstjórnar Hrunamannahrepps til aðildarsveitarfélaga UTU, frá 27. mars 2025.



Sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur óskað eftir því við aðildarsveitarfélög UTU að samþykktum byggðarsamlagsins verði breytt með það fyrir augum að sveitarstjórnir geti ákveðið hvernig starfsemi skipulagsnefndar í hverju sveitarfélagi fyrir sig verði háttað.

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps fékk ráðgjöf hjá GB Stjórnsýsluráðgjöf ehf um samþykktir byggðarsamlagsins. Í minnisblaði fyrirtækisins segir meðal annars:

„Þegar horft er til þeirrar umgjörðar sem birtist í samþykktum UTU felst augljós lýðræðishalli í því að í stjórn byggðasamlagsins, sem jafnframt er skipulagsnefnd, veljist aðeins einn fulltrúi úr hverri sveitarstjórn. Aðkoma minnihluta í sveitarstjórnnum að umfjöllun um skipulagsmál verður fyrir vikið mun minni en ef kosin væri með hlutfallskosningu þriggja eða fimm manna skipulagsnefnd í viðkomandi sveitarfélagi. Sömuleiðis má benda á að minnihluta er almennt tryggð bein aðkoma að vinnu svæðisskipulagsnefnda, þar sem hvert sveitarfélag tilnefnir tvo fulltrúa.“

Í ljósi þessa hefur það vakið athygli að sum aðildarsveitarfélög UTU skyldu hafna beiðni Hrunamannahrepps sem lögð var fyrir stjórn UTU þann 28. ágúst 2024. En þar ítrekar fulltrúi Hrunamannahrepps í stjórninni beiðni sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 16. maí 2024 sem var eftirfarandi:

7. Byggðasamlag UTU bs.: Fundargerð 110. fundar stjórnar frá 13. maí 2024.

- Ásamt samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.

Lögð fram fundargerð 110. fundar Byggðasamlags UTU bs. ásamt samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs. Guðjón Bragason, lögfræðingur, mætti á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir minnisblaði sem hann hefur unnið að beiðni sveitarstjórnar og liggur fyrir fundinum.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða samþykktir fyrir UTU en leggur um leið áherslu á mikilvægi þess að samþykktirnar verði teknar til endurskoðunar strax í byrjun ágúst. Við þá endurskoðun munu fulltrúar Hrunamannahrepps leggja áherslu á það sjónarmið að sveitarstjórnir hafi kost á að hafa skipulagsnefndir starfandi í hverju sveitarfélagi eins og reyndin er í öllum sveitarfélögum á landinu að því að sveitarstjórn best veit. Sveitarstjórn leggur ríka áherslu á að breytingunum verði lokið fyrir áramót 2024/2025.

Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.

Umrædd bókun stjórnar UTU frá 13. maí 2024 var með eftirfarandi hætti þegar samþykktir byggðarsamlagsins voru samþykktar af stjórn:

1. Samþykktir UTU, fyrir síðari umræðu aðildarsveitarfélaganna

Samþykktir yfirfarnar og tekið tillit til hluta þeirra ábendinga sem komu frá aðildarsveitarfélögunum eftir fyrri umræðu.

Stjórn samþykkir að farið verði í heildar endurskoðun á samþykktunum í haust.

Samþykkt samhljóða.

DAS
JIS
ARJ

Aftur var bókað í stjórn UTU þann 5. júní 2024 með enn skýrari hætti eftirfarandi:

1. Samþykktir UTU

Afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna frá síðari umræðu lagðar fram til kynningar, ásamt staðfestingu Innviðaráðuneytisins á samþykkt um breytingu á samþykkt fyrir Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs., nr. 35/2022.

Umræður um bókun Hrunamannahrepps og að mikilvægt sé að fara strax eftir sumarfrí í þá vinnu að endurskoða samþykktirnar í heild sinni.

Samþykkt samhljóða.

Nú er rétt tæpt ár liðið frá þessum samþykktum og enn bólar ekki á þeirri heildar endurskoðun samþykkt sem þó var einróma samþykkt að ráðist skyldi í en sú endurskoðun átti að hefjast síðastliðið haust.

Hafa ber í huga að umgjörð og umfang skipulagsmála er ekki sú sama og þegar núverandi fyrirkomulag var ákveðið. Málum hefur fjölgað umtalsvert og sókn svæðisins er mikil. Því er afar mikilvægt að gefa skipulagsmálum meira vægi og tryggja kjörnum fulltrúum meira afl í umræðunni og innsýn í skipulagsmál en nú er. Það liggur í hlutarins eðli að umræða með skipulagsfulltrúa á fundi nefndar er um margt ólík umræðu eins nefndarmanns skipulagsnefndar með sinni sveitarstjórn þegar mál er til afgreiðslu.

Ef það er endanleg ákvörðun stjórnar UTU og þar með aðildarsveitarfélaga byggðarsamlagsins að hafna beiðni Hrunamannahrepps um að sveitarfélagið fái að starfrækja sína eigin skipulagsnefnd, einmitt til að tryggja kjörnum fulltrúum í sveitarfélaginu meiri aðkomu að skipulagsmálum, verður svo að vera.

Hrunamannahreppur mun því, ef fyrri ákvörðun stendur hjá aðildarsveitarfélögum UTU, segja sig úr byggðarsamlaginu og þar með hætta farsælu samstarfi sveitarfélagsins um Skipulags- og byggingafulltrúa Uppsveita Árnassýslu. Sú ákvörðun yrði ekki tekin af léttúð enda hefur ríkt ánægja með starfsmenn og starfsemi UTU. Það er í raun með öllu óskiljanlegt af meirihluta stjórnar UTU og aðildarsveitarfélaga að blanda með þessum hætti saman starfsemi UTU og skipulagsnefndum einstakra sveitarfélaga.

Sveitarstjórn ítrekar enn og aftur fullan vilja Hrunamannahrepps til þátttöku í umræddu byggðasamlagi ef orðið verður við þeirri minniháttar breytingu á samþykktum sem sveitarstjórn Hrunamannahrepps hefur óskað eftir.

Að lokum vill sveitarstjórn benda á að engar breytingar þurfa að verða á kostnaði né starfsemi annara sveitarfélaga í byggðasamlaginu, þrátt fyrir að Hrunamannahreppur dragi sig út úr skipulagsnefndinni og starfræki sína eigin nefnd.

Með ósk um farsæla niðurstöðu,


Jón Bjarnason


Bjarney Vignisdóttir


Herbert Hauksson


Daði Geir Samúelsson


Alexandra Rós Jóhannesdóttir